

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/678****2018/EES/64/07**

frá 3. maí 2018

**um breytingu og leiðréttingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá yfir bragðefni og innleidd sem A-hluti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) A-hluti skrár Sambandsins inniheldur bæði bragðefni, sem hafa verið metin, þar sem engar neðanmálgreinar eru settar við þessi efni og einnig bragðefni, sem verið er að meta, sem eru auðkennd með neðanmálgreinum 1 til 4 í skránni.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur lokið við að meta efni með eftirfarandi FL-númer í skrá Sambandsins: 09.931, 13.058, 15.004, 15.057, 15.079, 15.109, 15.113, 16.090 og 16.111. Þessi efni voru skráð sem bragðefni sem verið var að meta árið 2012. Nú hefur Matvælaöryggisstofnunin metið þau í eftirfarandi mótum á hópum bragðefna: mat FGE.72rev1 <sup>(4)</sup> (efni með FL-númer 09.931), mat FGE.21rev4 <sup>(5)</sup> (efni með FL-númer 15.057 og 15.079), mat FGE.76rev1 <sup>(6)</sup> (efni með FL-númer 15.004, 15.109 og 15.113), mót FGE.94 <sup>(7)</sup> og FGE.94rev.2 <sup>(8)</sup> (efni með FL-númer 16.090), mót FGE.94rev.1 <sup>(9)</sup> og FGE.94rev.2 <sup>(10)</sup> (efni með FL-númer 16.111) og mat FGE.67rev2 <sup>(11)</sup> (efni með FL-númer 13.058). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þessi bragðefni teljist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn með fæðu.
- 5) Þess vegna ætti að skrá þessi bragðefni sem metin efni og fella ætti tilvísanir í neðanmálgreinar 1 til 4 brott úr viðkomandi færslum.
- 6) Þar að auki hafa komið í ljós tvær villur í skrá Sambandsins, að því er varðar heiti efnisins með FL-númer 12.054 og auðkennisnúmer efnisins með FL-númer 17.038. Þessar villur ber að leiðrétta.
- 7) Því ætti að breyta og leiðrétta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjttíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

<sup>(4)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3392.

<sup>(5)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(11), 3451.

<sup>(6)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(11), 3455.

<sup>(7)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(5), 1338.

<sup>(8)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(4), 3622.

<sup>(9)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2747.

<sup>(10)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(4), 3622.

<sup>(11)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(5), 4115.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Ákvæðum 2. þáttar A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 09.931 komi eftirfarandi:

„09.931	2,6-dímetyl-2,5,7-oktatrien-1-ólasetat	999999-91-4	1226				EFSA“
---------	--	-------------	------	--	--	--	-------

2) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 12.054 komi eftirfarandi:

„12.054	2-etylþíófenól	4500-58-7	529	11666			JECFA“
---------	----------------	-----------	-----	-------	--	--	--------

3) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 13.058 komi eftirfarandi:

„13.058	3-(5-metyl-2-fúryl)bútanal	31704-80-0	1500	10355			EFSA“
---------	----------------------------	------------	------	-------	--	--	-------

4) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 15.004 komi eftirfarandi:

„15.004	5-metyl-2-þíófenkarbaldehyð	13679-70-4	1050	2203			EFSA“
---------	-----------------------------	------------	------	------	--	--	-------

5) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 15.057 komi eftirfarandi:

„15.057	4,6-dímetyl-2-(1-metyletyl)díhýdró-1,3,5-díþíasín	104691-40-9			Að minnsta kosti 44% ísóprópýl-4,6-dímetyl og 27% 4-ísóprópýl-2,6-dímetyl, efnisþættir í minna magni a.m.k. 24% 2,4,6-trímetyl-díhýdró-1,3,5-díþíasín, 6-metyl-2,4-díísóprópýl-1,3,5-díþíasín, 4-metyl-2,6-díísóprópýl-1,3,5-díþíasín, 2,4,6-tríísóprópýl-díhýdró-1,3,5-díþíasín		EFSA“
---------	---	-------------	--	--	--	--	-------

6) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 15.079 komi eftirfarandi:

„15.079	2-ísóbútýldíhýdró-4,6-dímetyl-1,3,5-díþíasín	101517-87-7			Að minnsta kosti 64% 2-ísóbútýl-4,6-dímetyl og 18% 4-ísóbútýl-2,6-dímetyl, efnisþættir í minna magni a.m.k. 13% 2,4,6-trímetyl-1,3,5-díþíasín, 2,4-díísóbútýl-6-metyl-1,3,5-díþíasín, 2,6-dímetyl-4-bútýldíhýdró-1,3,5-díþíasín, setið 1,3,5-þíadíasín		EFSA“
---------	--	-------------	--	--	--	--	-------

7) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 15.109 komi eftirfarandi:

„15.109	2,4,6-trímetýldíhýdró-1,3,5(4H)-díþíasín	638-17-5	1049	11649			EFSA“
---------	--	----------	------	-------	--	--	-------

8) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 15.113 komi eftirfarandi:

„15.113	5,6-díhýdró-2,4,6-tris(2-metýlprópýl)4H-1,3,5-díþíasín	74595-94-1	1048				EFSA“
---------	--	------------	------	--	--	--	-------

9) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 16.090 komi eftirfarandi:

„16.090	3-(3,4-dímetoxýfenýl)-N-[2-(3,4-dímetoxýfenýl)-etýl]-akrílamíð	69444-90-2	1777				EFSA“
---------	--	------------	------	--	--	--	-------

10) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 16.111 komi eftirfarandi:

„16.111	Glýsín, N-[[[(1R,2S,5R)-5-metýl-2-(1-metýletýl)-sýklóhexýl]karbónýl]-, etýlester.	68489-14-5	1776				EFSA“
---------	---	------------	------	--	--	--	-------

11) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 17.038 komi eftirfarandi:

„17.038	gamma-glútamýlvalýlglýsín	38837-70-6	2123		Minna en 0,7% 5-oxó-L-prólýl-L-valýlglýsín og L-alfa-glútamýl-L-valýlglýsín, minna en 2,0% L-gamma-glútamýl-L-valýl-L-valýlglýsín, tólúen ekki greinanlegt (greiningarmörk 10 mg/kg)	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í 1. flokki – hámark 50 mg/kg Í 2. og 5. flokki – hámark 60 mg/kg Í flokki 6.3, morgunkorn, – hámark 160 mg/kg Í flokki 7.2. – hámark 60 mg/kg Í 8. flokki – hámark 45 mg/kg Í 12. flokki – hámark 160 mg/kg	EFSA“
---------	---------------------------	------------	------	--	--	--	-------

						Í flokki 14.1. – hámark 15 mg/kg Í 15. flokki – hámark 160 mg/kg		
--	--	--	--	--	--	---	--	--